

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustumiðstöðvar og íbúðabyggðar við Egilsbraut, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 29. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag á 4 lóðum fyrir parhús og byggingareiti fyrir þjónustu- og vistálmum á einni hæð, á stofnanasvæði sem frátekið er fyrir mannvirki tengd starfsemi að Egilsbraut 9. Aðkoma að svæðinu er frá Egilsbraut. Deiliskipulagsreiturinn afmarkast af Egilsbraut í norður, lóðarmörkum Egilsbrautar 9 til austurs, götu að Egilsbraut 19 til vesturs og óbyggðu svæði til suðurs.

Breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu þannig að mörk deiliskipulagssvæðisins voru færð til vesturs að lóð Egilsbrautar 9 að austanverðu og þar með felld niður gata merkt B, sem við stóðu 8 parhús. Gögn hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Tillagan er þannig samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 30. mars 2004.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson.